

46

13. apríl

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 111 20. júlí 1957, um íbúðalán  
veðdeildar Landsbanka Íslands.

1. gr.

Í stað orðanna „— stjórn Seðlabankans —“ í 2. gr. komi: „— stjórn veðdeildarinnar —“

2. gr.

Í stað 7% í 3. og 15. gr. komi: 8%.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

47 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð húsfreyjanna frá  
19. apríl Ytri-Hjarðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19.  
apríl 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Minningarsjóð húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal, Helgu Guðmundsdóttur og Mariú Steinþórsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kristjáni Jóhannessyni í Ytri-Hjarðardal á áttæðis-afmæli hans, 14. sept. 1960, til minningar um tvær látnar eiginkonur hans, Helgu Guðmundsdóttur, f. 24. okt. 1874, d. 17. maí 1918, og Mariú Steinþórsdóttur, f. 8. maí 1886, d. 23. apríl 1958. Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Sjóðinn má efla með minningargjöfum og áheitum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxta í Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Vexti og aðrar tekjur skal leggja við höfuðstól unz hann er orðinn tuttugu þúsund krónur.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —, má árlega verja helmingi af tekjum hans, til þess að styrkja húsmæður í Mosvallahreppi til